

Eyðilegging og heilagleiki náttúrunnar

Umhverfisguðfræði Elizabeth A. Johnson í samtali
við Lynn White Jr. og Charles Darwin

Inngangur

Fimm blaðsíðna grein frá árinu 1967 í vísindatímaritinu *Science* hefur sett svipmót sitt á kristna guðfræðilega og siðfræðilega orðræðu um umhverfismál allar götur síðan hún kom út.¹ Greinarhöfundur, miðaldasagnfræðingurinn Lynn White Jr. (1907–1987), hélt því þar fram að umhverfisvá og vistfræðileg vandamál sem þá voru efst á baugi ættu sér trúarlegar rætur.² „Hvað eigum við að gera?“, spurði hann, til þess að snúa við á hinni háskalegu braut gagnvart náttúrunni og umhverfinu og svaraði um hæl: „Enginn hefur hugmynd um það“. Sjálfur taldi hann nauðsynlegt að kafað yrði ofan í vestræna, trúarlega og kristna hugmyndafræði þar sem hann taldi helstu orsakir umhverfisvandamála að finna. Í greininni benti hann á að maður og náttúra hefðu fjarlægst mjög á síðari öldum og almennt væri litið svo á að maðurinn væri drottari og yfirboðari náttúrunnar. Uppruna drottunarhugmyndarinnar taldi hann mega rekja til kristindómsins, eða réttara sagt til frásagnanna um sköpun heimsins sem kristnir menn tóku í arf frá gyðingum. Sköpunarsaga heimsins í Biblíunni væri ólík öðrum sköpunarsögum að því leyti að Guð skapaði veröldina úr engu og skapaði hana í eitt skipti fyrir öll.³ Sköpunarverk sitt, jörðina, færði hann svo kórónu sköpunarinnar, mannum, til varðveislu með þeim fyrirmælum að yrkja hana en jafnframt gera sér hana undirgefna.⁴

Sköpunarverkið í gyðing-kristnum sköpunarsögum, áréttaði White, er hannað með hagsmunum mannsins í huga en það áleit hann að kæmi skýrast fram í hugmyndinni um að maðurinn væri skapaður í mynd Guðs.⁵ Áhrif þeirrar hugmyndar í menningunni taldi hann ótvíræð en vegna hennar hefðu t.d. kristnir menn gengið kerfisbundið fram í að eyða náttúru trú (e. *animism*)⁶ þar sem alls kyns náttúrufríbærni, s.s. tré, steinar, ár, lækir, fjöll og

¹ Þetta var nánar tiltekið greinin „The Historical Roots of Our Ecologic Crisis“ en hún birtist upphaflega 10. mars 1967 í *Science*, í hefti 655, nr. 3767 [bls. 1203–1207].

² Lynn White, „The Historical Roots of Our Ecologic Crisis“, bls. 1204–1205. White var sérfræðingur í tækniframþróun á miðöldum og benti einnig á samspil iðnbyltingarinnar og framþróunar í tækni og vísindum sem mikilvægan orsakabátt þessarar þróunar.

³ Það er ríkjandi viðhorf innan biblíufræðanna að Biblían hefjist ekki á einni sköpunarsögu heldur taki önnur við frá og með 1Mós 2.5. Af síðari sögunni má sjá að ekki er verið að tala um sköpun úr engu. Með skírskotun til síðari sköpunarsögunnar (sérstaklega 1Mós 2.15), sem jafnan er kennd við J-heimild í umræðu um myndunarsögu Mósebóka, hafa því ýmsir biblíufræðingar andmælt kenningu Whites en samkvæmt þeirri sögu setur Guð manninn í aldingarðinn til að „yrkja hann og gæta hans“. Algeng túlkun biblíufræðinga er því sú að í síðari sköpunarsögunni birtist maðurinn í ráðsmennskuhlutverki og sé ætlað að koma fram gagnvart sköpuninni sem vandvirkur og ábyrgðarfullur garðyrkjumaður.

⁴ Hér skírskotar White greinilega til Fyrstu Mósebókar og til fyrri sköpunarsögunnar þar sem orðalagið að „drottna yfir allri jörðinni“ kemur fyrir (1Mós 1.26), sem og orðalagið að „gera jörðina sér undirgefna“ (1Mós 1.28).

⁵ Lynn White, „The Historical Roots of Our Ecologic Crisis“, bls. 1205.

⁶ Náttúru trú merkir hér að allt í náttúrunni sé gætt anda, lífi og meðvitund.

firnindi, eru álitin heilög. Með því að kveða slíka trú niður hafi kristin hugmyndafræði fengið því áorkað að umbreyta ævafornu viðhorfi venjulegs fólks til náttúrunnar.⁷ White klykkir út með þessum orðum:

Það er vissulega erfitt fyrir sagnfræðinga að meta skýringar fólks á eigin athöfnum – hvort sem það gefur upp raunverulegar ástæður fyrir þeim eða gripið er til skýringa sem gjaldgengar eru í menningunni. Samkvæmnin í túlkun vestrænna vísindamanna öld eftir öld um að tilgangur og umbun athafna þeirra hafi verið að „hugsa eins og Guð“ gerir þó freistandi að álykta að einmitt það hafi verið raunverulegur hvati. Sé sú tilgáta rétt má segja að vestræn vísindi séu steipt í sama mót og kristin guðfræði. Áhrifamáttur trúarinnar, sem á uppruna sinn í gyðing-kristinni sköpunarkenningu, hefur léð vísindunum kraftinn.⁸ (Lausleg þýðing greinarhöfundar.)

Af ofangreindum orðum má sjá að White sækir skýringu á yfirstandandi vanda á sviði umhverfismála í hinum vestræna heimi í trúarlega og menningarlega þætti. Frumhvati þess að koma illa fram gagnvart náttúrunni tengir hann sköpunarfrásögum gyðinga og kristinna manna. Um skýringu af þessu tagi má segja að hún byggist á ákveðnum fyrirframgefnum forsendum. White leitaðist við að skýra af hverju ákveðin menningarheild, í þessu tilviki vestræn samfélög, hefði farið fram með yfirgangi og offorsi gagnvart náttúrunni. Menningarhugtakið felur í sér trúarleg gildi sem eru þess eðlis að þau hafa bein áhrif á gjörðir manna. Með öðrum orðum, White gengur út frá því að kristin gildi séu mikilvægur orsakapáttur í framþróun vestrænnar menningar og í kenningu hans öðlast verk vísindamanna og annarra þeirra sem komið hafa að því að „gera jörðina sér undirgefna“ (1Mós 1.26, 28) réttlætingu í sköpunarfrásögum Biblíunnar þar sem manningum er líkt við Guð og fær þá skipun að drottna yfir jörðinni. Boð Guðs í Biblíunni eru, að hans mati, allt í senn: hvati, markmið og réttlæting mannlegra gjörða.

Kenninguna um það hvernig menningin ræðst af ríkjandi gildum má rekja til félagsvísindamannsins Max Webers (1864–1920) sem leit svo á að manneskjur stjórnudust af hugsjónatengdum, efnislegum hagsmunum. Til að útskýra kenningu sína um þetta notaði Weber ákveðna líkingu þar sem hann vísaði til sporskíptamanna (e. *switchmen*) en það voru þeir verkamenn kallaðir sem höfðu þann starfa að breyta brautarsporum járnbrautarlesta og sjá til þess að járnbrautarumferðin gengi greiðlega fyrir sig. Samkvæmt skilningi Webers stjórna efnislegir og hugsjónatengdir hagsmunir atferli manna. Hagsmununum líkti hann við sporskíptamenn. Þá taldi hann hafa það hlutverk að beina gjörðum manna eftir ákveðnum brautum. Hagsmunirnir voru aflið sem beindu gjörðum manna í ákveðinn farveg en hugmyndir og gildi menningarinnar ákvörðuðu hins vegar áfangastaðinn.⁹

Hin kraftmikla kenning Whites um trúarlegar rætur illrar meðferðar á náttúrunni í hinum vestræna heimi, sem virðist vera undir beinum áhrifum kenningar Webers, hefur haft mikil áhrif á guðfræðinga allar götur síðan. Margir þeirra tóku undir með honum þótt fæstir vildu ganga svo langt að skella allri skuld vegna umhverfisvandamála á kristin gildi og kristna hugmyndafræði.¹⁰ Dæmigerð viðbrögð af þessu tagi má finna hjá Elizabeth A. Johnson, kaþólskum prófessor í samstæðilegri guðfræði við jesúítaháskólann Fordham University í New York, og er markmið þessarar greinar að draga fram atriði í umhverfisguðfræði og siðfræði hennar sem tengja má ofan nefndri gagnrýni Lynns White. White er þó ekki eini

⁷ White gerir sér far um að alhæfa ekki um of og dregur t.d. fram annars konar dæmi og fleiri túlkanir úr kristni, t.d. innan austurkirkjunnar þar sem hann segir annars konar sýn á tengsl manns og náttúru hafi verið við lýði.

⁸ Lynn White, „The Historical Roots of Our Ecologic Crisis“, bls. 1206.

⁹ Max Weber, *The Sociology of Religion*, Boston: Beacon Press, 1963 [1922], bls. 1.

¹⁰ Willis Jenkins, „After Lynn White: Religious Ethics and Environmental Problems“, *Journal of Religious Ethics*, 37:2/2009, bls. 283–309, hér bls. 285.

„samtalsaðili“ Johnson í þessari grein heldur mun þekktari vísindamaður: náttúruvísindamaðurinn Charles Darwin (1809–1882) sem frægastur er fyrir kenningu sína um þróun lífvera vegna náttúruvals.¹¹ Nýjastu skrif Johnson í umhverfisguðfræði má líta á sem uppgjör við ákveðna hluta kenningar Darwins, á grundvelli gagnrýni Whites. Þetta tel ég áhugaverða blöndu og hyggst rýna í hana í þessari grein. Tvær meginheimildir liggja til grundvallar rannsókninni á umhverfisguðfræði og siðfræði Johnson,¹² annars vegar greinin „Losing and Finding Creation in the Christian Tradition“ (2000) og hins vegar bókina *Ask the Beasts. Darwin and the God of Love* (2014).¹³ Í umfjöllun minni beini ég sjónum að því hvernig Johnson mætir kenningum Whites og nýtir til þess kenningu Darwins um sameiginlegan uppruna allra lífvera.

Gildi náttúrunnar í kristni – fyrr og nú

Hafði Lynn White rétt fyrir sér þegar hann staðhæfði að kristnin miðlaði mannmiðlægum gildum og er það rétt að sköpunarfrásagnir Biblíunnar leiki mikilvæg hlutverk í því sambandi? Johnson virðist mér ekki gera ágreining um túlkunarleið Whites, þ.e. hún virðist samsinna undirliggjandi skoðun hans að ríkjandi gildi hafi mikil áhrif á framferði manna í menningunni. Hún tekur að mörgu leyti undir með White en er blæbrigðarík í svari sínu þegar hún bendir jafnframt á að kenningar hans séu of alhæfandi. Mannmiðlægni telur hún að eigi t.d. ekki við um fyrstu fimmtán hundruð ár kristni en hitt sé rétt að það megi heimfæra slíkt viðhorf upp á tímabilið eftir upplýsinguna (u.þ.b. 1700 – u.þ.b. 1800) og allt fram á okkar daga. Á átjándu öld, útskýrir hún, tóku viðhorf til náttúrunnar í Evrópu miklum breytingum en þær breytingar telur hún hafa byrjað miklu fyrr, eða þegar á sextándu öld þegar mótmælendur hins kaþólska siðar hafi tekið að beina sjónum sínum inn á við, að synd og sekt einstaklingsins í stað náttúrunnar og jarðarinnar, eins og áður tíðkaðist.¹⁴ Þá hafi persónuleg frelsun mannsins orðið miðlægt stef innan mótmælendaguðfræði án þess þó að synd og sekt heimsins hafi horfið. Tortryggni í garð manns og heims hafi síðan verið allsráðandi í guðfræðinni um nokkurra alda skeið, ekki síst guðfræði mótmælenda.¹⁵ Ekkert var gott nema Guð, mannleg náttúra var fallvölt og náttúran sem heild vísaði aðeins til hinnar föllnu sköpunar sem þarfnaðist frelsunarverks hins alvalda Guðs sem aðeins er veitt í Kristi. Guðfræðin einblíndi á manninn sem viðfang mikilvægasta frelsunarverks Guðs.¹⁶

Hvað með mannmiðlægi innan kaþólskrar guðfræði? Er hún jafn algeng og í mótmælendaguðfræði? Johnson svarar með því að beina sjónum að nútímanum fremur en sögunni og segir svo vera. Þó hafi slík viðhorf ekki náð almennilegri fótfestu fyrr en um og eftir miðja tuttugustu öld og nefnir hún Annað Vatíkaniþingið sem dæmi. Einnig bendir hún á að enda þótt þáverandi páfi, Jóhannes Páll II, hafi viðurkennt hina vistfræðilegu kreppu í nútímanum hafi boðskapur hans ávallt verið mannmiðlægur og hann því stuðlað að því að

¹¹ Þessa kenningu setti Darwin fram í ritinu *On the Origin of Species: By Means of Natural Selection*, sem fyrst kom út í London árið 1859. Lærdómsritaröð Bókmenntafélagsins gaf út rit Darwins árið 2004 í þýðingu Guðmundar Guðmundssonar. Íslenskur titill er *Uppruni tegundanna: Af völdum náttúrulegs vals, eða að sumum stofnum vegnar betur en öðrum í lífsbaráttunni*.

¹² Johnson, sem er afkastamikill fræðimaður, hefur ekki lagt megináherslu á umhverfisguðfræði á ferli sínum. Hún er mjög klassísk í guðfræðilegri nálgun sinni og hefur lagt áherslu á þrenningarlærdóminn í skrifum sínum.

¹³ Elizabeth A. Johnson, „Losing and Finding Creation in the Christian Tradition“, *Christianity and Ecology: Seeking the Well-Being of Earth and Humans*, ritstj. Dieter T. Hessel og Rosemary Radford Ruether, Cambridge, Massachusetts: Harvard University Press, 2000, bls. 3–21, og *Ask the Beasts: Darwin and the God of Love*, London, New Delhi, New York, Sidney: Bloomsbury, 2014.

¹⁴ Elizabeth A. Johnson, „Losing and Finding Creation in the Christian Tradition“, bls. 9.

¹⁵ Á þetta hafa fleiri guðfræðingar bent, t.d. Dorothee Sölle, *Thinking about God: An Introduction to Theology*, London: SCM, 1990.

¹⁶ Elizabeth A. Johnson, „Losing and Finding Creation in the Christian Tradition“, bls. 12.

viðhalda klassískri, guðfræðilegri stigveldishugsun, kaþólskra jafnt sem mótmælenda, sem upphefur manninn á kostnað náttúrunnar.¹⁷

Hver voru aðalatriðin í hinum gleymda kristna trúararfi samkvæmt Johnson? Hvert var inntak hans í hnotskurn? Svarið er að jörðin var skilin sem heilagt sköpunarverk Guðs. Jörðin og náttúran öll var dásamleg gjöf Guðs og starfsvettvangur heilags anda. Slíkan skilning er ekki bara hægt að rekja til sköpunarfrásagna Fyrstu Mósebókar heldur mun frekar til annarra ekki síður þekktra rita Gamla testamentisins, svo sem rita spámanna og Davíðssálma. Hinn náttúrulegi heimur kallaðist Guðs góða sköpunarverk og var félagi mannsins í vissum skilningi. Dæmi um þetta finnur Johnson í Fimmtu Mósebók þar sem sagt er að hvíldardagurinn sé mikilvægur fyrir alla sköpunina, bæði dýr og menn eigi að hvílast á þeim degi. Þetta túlkar Johnson svo að heimurinn allur sé sköpun Guðs.¹⁸ Það sama gildi í spámannahefðinni, þar megi líka sjá hvernig jörðin og mannfólkið ýmist blómstri saman eða sé refsað saman: „Vínviðurinn fölnar, laufið sölnar, allir sem glöddust stynja“ (Jes 24.7). Þessi orð Jesaja spámans gefi í skyn að gjöfulir akrar, raunveruleg gleði og almennur friður séu hluti af sömu heild. Í Davíðssálmum tilbiðji allur heimurinn Guð, akrarnir syngi af gleði og stjörnur hrópi í fögnuði. Á sama hátt stynur jörðin, syrgir og hrópar til Guðs um miskunn. Spekiritin sýni hvernig spekin gegnsýrir heiminn með helgum anda sínum, meðvituð um árstíðaskiptin, atferli dýranna, lækningarmátt jurta og endurnýjun allra hluta með lífgefandi orku sinni. Þessi dæmi og mörg fleiri segir Johnson sýna svo að ekki verði um villst að jörðin og allt sem á henni er tilheyri Guði í allri sinni gnægð (Slm 24.1), samanber „öll jörðin er full af Guðs dýrð“ (Jes 6.3). Niðurstaða hennar er að í hinum fornu trúarritum verði hinn náttúrulegi heimur og hinn trúarlegi heimur vart aðskildir. Kjarni textanna tjái að hinn skapandi og endurleysandi Guð elski og gleðjist jafnt yfir hinum náttúrulega heimi sem manninum.¹⁹

Johnson bendir á að guðfræðingum í frumkristni og á miðöldum hafi fundist túlkun sem þessi bæði sjálfsögð og eðlileg. Þar sem Guð hefði skapað allan heiminn hlytu allir hlutir að vera viðfangsefni guðfræðinnar. Hæst hefði viðurkenning hins náttúrulega heims trúlega risið í kristinni hugsun á 12. og 13. öld þegar ótal lærðar ritgerðir urðu til um alheiminn, veröldina, heimsmyndina sem slíka, heimspeki heimsins og innsta eðli allra hluta. Johnson nefnir nokkur dæmi um þetta. Eitt þeirra er ritgerðin *Scivias* eftir Hildegard af Bingen (1098–1179) þar sem heimurinn er sagður gegnsýrður af kærleika Krists sem líkt er við sól réttlætis sem skín með geislum brennandi ástúðar í svo mikilli dýrð að hver skepna er upplýst af birtu þess ljóss.²⁰ Svipuð dæmi sækir hún til Bonaventures (1221–1274) og Tómasar frá Akvíno (1225–1274) sem báðir lýsa hinum náttúrulega heimi sem stórkostlegu listaverki sem beri merki skapara síns. Á þennan hátt, segir hún, sáu guðfræðingar fornaldar og miðalda fyrir sér Guð, mann og heim í fullkomnu jafnvægi.

Frá og með sextánda öld hafi þessu jafnvægi hins vegar verið raskað og tilvísunum í boðskap af þessu tagi fækkað, einkum skírskotunum til rita spámanna og Davíðssálma þar sem gæðum sköpunarverks Guðs var sungið lof. Fornaldar- og miðaldaguðfræðingum

¹⁷ Sama rit, bls. 12. Hér ber þess að geta að breyting hefur orðið á síðan Frans páfi settist á páfastól. Um það vitnar nýlegt páfabréf, *Laudato Si – On Care for Our Common Home* (2015) sem markar tímamót innan kaþólskrar trúarhefðar en í því leggur páfi mikla áherslu á að hvernig líf kristins manns tengist því að sýna náttúrunni og jörðinni virðingu. Þetta rit lá hins vegar ekki fyrir þegar Johnson skrifar (2000, 2014).

¹⁸ Elizabeth A. Johnson, „Losing and Finding Creation in the Christian Tradition“, bls. 5; *Ask the Beasts*, bls. 122–124.

¹⁹ Sama rit, bls. 5. Johnson bendir þó á að vissa tvíreðni megi finna í ákveðnum textum sem hafi oft verið notaðir í guðfræðilegu samhengi og þar leiki tvíhyggja stórt hlutverk.

²⁰ Sama rit, bls. 6.

á borð við Ágústínus kirkjuföður (354–430), Hildegard af Bingen, Bonaventure og Tómas frá Akvínó var einfaldlega vikið til hliðar. Við tóku andnáttúruleg viðhorf. Þannig hafi framvöxtur hinna fyrstu nútímavísinda verið knúinn áfram af hugmyndinni um að það væri meginköllun mannsins að sýna fram á vald sitt yfir náttúrunni. Í slíkum anda taldi t.d. Francis Bacon (1561–1626) að rannsakandinn yrði að læra að hrifsa hina nýju þekkingu úr skauti náttúrunnar, nota tæknina til að taka í hnakkadrambið á henni og umbreyta henni í eitthvað annað. Einnig talaði hann um að þröngva sér inn í leyndardóma náttúrunnar og gera hana sér undirgefna. Í hnotskurn birtist viðhorf Bacons í alræmdri setningu hans um vísindalega aðferð sem hafði það að markmiði að „binda náttúruna með öllum börnum sínum til kúgandi þjónustu við manninn og gera hana að þræl hans.“²¹ Þessa þróun telur Johnson allt að því óbætanlegt tjón og mikilvægt sé að endurmennta samúmaguðfræðinga í þá veru að þeir snúi aftur til vísu fornaldar- og miðaldaguðfræði og geri sköpunarstefið í öllum sínum blæbrigðum aftur að kjarna kristinnar guðfræðihéðar.²²

Samtal guðfræði við önnur vísindi um umhverfisógn og náttúruspjöll

Í ljósi umræðunnar að framan er löngu tímabært að huga að því hvernig Johnson lítur á tengsl guðfræði og vísinda. Hvaða erindi á guðfræðin inn á svið raunvísinda, einkum þeirra vísinda sem útskýra náttúruna eða hinn náttúrulega heim, sem er það hugtak sem hún velur að nota? Þvælist guðfræðin ekki bara fyrir alvöruvísindum? Margir myndu eflaust svara slíkri spurningu jákvætt en Johnson er ekki á því. Þvert á móti lítur hún svo á að skilningur á hinum náttúrulega heimi verði ætíð að byggjast á samanlögðu framlagi vísindamanna af mismunandi sviðum. Hið sama eigi við um þekkinguna á því hvernig framferði mannskepnunnar sé langt komið með að eyðileggja hinn náttúrulega heim og hvernig beri að bregðast við því. Til að hindra umhverfisspjöll og eyðileggingu náttúrunnar verði vísindamenn frá ólíkum greinum að leggja sitt lóð á vogarskálarnar.

Tengsl trúar og vísinda má setja upp á mismunandi hátt.²³ Eitt þekktasta líkan slíkra tengsla, *átakalíkanin*, byggist á þeirri forsendu að trú og vísindi séu fullkomnar andstæður og snertist ekki með neinum vitrænum hætti. Slíkri afstöðu hafnar Johnson og er bók hennar *Ask the Beasts* (2014) í raun ítarleg röksemdafærsla fyrir annars konar afstöðu.²⁴ Hún ræðir annað tengslalíkan sem má kalla *sjálfstæðislíkanin*. Það á það sameiginlegt með átakalíkaninu að gengið er út frá því að guðfræði og raunvísindi séu ósamræmanleg svið. Hvort fræðasviðið um sig noti eigin aðferðir og sinni sínu sviði óháð hinu; raunvísindin rannsaki hinn náttúrulega heim en guðfræðin hinn yfirnáttúrulega, ef svo má að orði komast. Sé gengið út frá slíkri afstöðu er því ekki um neinn snertiflöt að ræða fremur en innan fyrsta líkansins. Frekar má segja að gagnkvæmt afskiptaleysi eða áhugaleysi einkenni báðar þessar nálganir.²⁵

Með þriðja líkaninu, *samræðulíkaninu*, er vikið af fyrrnefndri braut. Munurinn er að í stað skilningsleysis eða áhugaleysis ríkir nú gagnkvæm viðurkenning beggja aðila. Báðir

²¹ Sama rit, bls. 10. Þetta er tilvísun í ritgerðina *The Masculine Birth of Time* eftir Bacon en í henni fjallar Bacon m.a. um samband vísinda og trúar og leggur til að þessi svið verði algerlega aðskilin.

²² Sama rit, bls. 6–7.

²³ Dæmi um þetta má finna hjá t.d. Ian G. Barbour, *When Science Meets Religion: Enemies, Strangers, or Partners?* San Fransisco: HarperCollins, 2000; John Haught, *Science and Religion*, New York: Paulist Press, 1995; Niels H. Gregersen og Wentzel van Huyssteen (ritstj.), *Rethinking Theology and Science: Six Models for the Current Dialogue*, Grand Rapids: Eerdmans, 1998. Hér ber þess að geta að Johnson ihugar sambandið milli guðfræði (ekki trúar) og vísinda sérstaklega.

²⁴ Elizabeth A. Johnson, *Ask the Beasts*, bls. 7–12.

²⁵ Sama rit, bls. 8–9.

viðurkenna að þeir geti ekki svarað spurningum hins fyllilega, jafnframt því sem þeir viðurkenna að framlag hins sviðsins geti verið þekkingarauðgandi. Þannig er forsenda þriðja líkansins sú að skynsemi og trú séu ekki óhjákvæmilegar andstæður, eins og fyrri líkönin tvö halda fram, heldur megi skilja það svo að sú skynsemi sem sé nauðsynleg til skilnings á hinum náttúrulega heimi sé gefin af Guði, skapara himins og jarðar. Bók opinberunarinnar og bók náttúrunnar, svo að vísað sé til fornrar líkingar sem ættuð er frá Ágústínusi kirkjuföður, eru báðar þegnar úr sömu hendi.²⁶ Fjórða líkanið má svo kalla *sambæfingarlíkan* en í þeirri nálgun má segja að gengið sé skrefi lengra en í samræðulíkaninu og þekking og innsæi beggja fræðasviða samhæfð á gefandi hátt.

Hvert þessara tengslalíkana hugnast þá Elizabeth A. Johnson best? Svarið er að hún aðhyllist ekki beinlínis neitt þessara líkana sem upp hafa verið talin þótt afstaða hennar líkist óneitanlega mest fjórða líkaninu. Fremur en að gangast undir það velur hún að tala um *hagnýtt samvinnulíkan* sem einkennandi fyrir guðfræðilega nálgun sína. Það byggist á því að svið náttúruvísinda og guðfræði séu samherjar sem styðji og styrki hvor annan í sameiginlegri baráttu sem miði að því að gera sitt besta í þágu hins náttúrulega heims, jarðarinnar sem við öll byggjum. Markmið guðfræðilegra skrifa hennar er að byggja brú milli ólíkra sviða með heiminn, náttúruna og framtíðina í brennidepli. Náttúruvísindin velta sannarlega heiminum fyrir sér, segir hún, en guðfræðin hefur engu minni áhuga á honum, sérstaklega tengslum heimsins og Guðs. Bæði sviðin opni því ólíka en jafn mikilvæga glugga sem beinast að lausn hinna mikilvægu umhverfisvandamála en hvorugt sviðið er, að hennar mati, einfært um að fjalla um þau flóknu og erfiðu mál.²⁷

Hvernig kemur þá hin hagnýta samvinnuafstaða fram í úrvinnslu hennar á kenningu Darwins og boðskap hans í *Uppruna tegundanna* frá 1859? Það fyrsta sem nefna má er að Johnson gerir sér far um að staðsetja og skilja Darwin í menningar- og fræðaheimi síns tíma. Um miðja 19. öld var sú skoðun ríkjandi innan breskrar heimspeki og guðfræði að guðlegur skapari hefði upprunalega hannað heiminn með öllum sínum flóknu lífkerfum og lögmálum. Hluti af þessari hönnunartrú var sú sannfæring að maðurinn væri kóróna sköpunarverksins, eða æðsta veran sem skaparinn hefði hannað fyrir þennan heim. Gegn þessum hugmyndum snerist Darwin í *Uppruna tegundanna*, bæði leynt og ljóst. Gegn hönnunarrökunum færði hann rök fyrir því að allt líf ætti sér sama uppruna en hefði þróast á mismunandi vegu.²⁸ Kjarni máls hans er að maðurinn og allar aðrar lífverur eigi sér sama uppruna. Á undan því lífi sem við þekkjum nú var annars konar lífsform og aðrar tegundir lífs. Frá þessum sjónarhóli séð er ekki hægt að líta á manninn sem kórónu sköpunarinnar enda gerir Darwin það ekki. Maðurinn er enn ein birtingarmynd lífsins í flóknu kerfi þróunar þess. Lífið, eins og það birtist okkur nú, á sér óralanga sögu vegna sífelldra breytinga og þróunar, vegna vals náttúrunnar, og sú saga mun halda áfram.²⁹

Ályktun sú sem Johnson dregur af kenningu Darwins er að ekkert líf sé í raun öðru lífi æðra. Allt lífríki jarðar er einn samhangandi vefur. Hún fagnar niðurstöðu Darwins og grundvallar bók sína *Ask the Beasts* algerlega á þessu atriði. Hún gagnrýnir fordóma upplýsingartímabilsins sem hún segir að hafi þvingað fólk allt of lengi til að horfa á náttúruna af sjónarhóli nauðhyggju og tæknihyggju. Nútímanáttúruvísindi dragi hins vegar upp allt aðra mynd og sú mynd finnst henni líkjast þeirri mynd sem finna megi hjá fornaldar-

²⁶ Sama rit, bls. 9–10.

²⁷ Sama rit, bls. 11–12.

²⁸ Sama rit, bls. 45–65.

²⁹ Þessi túlkun á kenningu Darwins er frá Johnson komin, en þannig lýsir hún kenningu Darwins í 3. kafla bókar sinnar, *Ask the Beasts*, bls. 45–99.

og miðaldaguðfræðingum. Áhersla nýjustu náttúruvísinda liggi á að allt í heiminum sé samtengt og að maðurinn deili uppruna sínum með öllum lifandi verum. Bakteríur, furutré, spörfuglar, hestar, hinir stóru gráu hvalir – við erum öll erfðafræðilega skyld í hinu flókna samfélagi lífsins, skrifar hún. Þessar og viðlíka uppgötvanir nútímanáttúruvísinda, segir Johnson, renna saman í eina mynd af heiminum sem aftur kallar á nýjar túlkanir, bæði á hefðbundnum trúarlegum táknum og á siðfræðilegum kenningum, sem þýðir að hugmyndafræði tvíhyggju og stigveldisskipulags, sem varð allsráðandi eftir upplýsinguna, á sér ekki viðreisnar von lengur.³⁰

Hvað getum við gert? Framlag kristinnar guðfræði til hnattræns umhverfisvanda

Á grundvelli gagnrýni Lynns White og með fulltingi kenningar Charles Darwins skulum við nú rýna í svar Johnson varðandi hagnýtt framlag guðfræði til þess þverfræðilega samtals sem nú á sér stað um leiðir sem liggja burt frá viðsjárverðum vegi náttúruspjalla og eyðileggingar hins náttúrulega heims? Hvernig nýtir Johnson sér gagnrýni Whites og hvaða hlutverki gegnir kenning Darwins í guðfræðilegri röksemdafærslu hennar?

Lítum fyrst örlítið nánar á túlkun Johnson á kenningu Darwins en það er á grundvelli hennar sem hún leggur áherslu á að samband mannsins og allra annarra lífvera á jörðinni þurfi að taka stakkaskiptum. Breytingin er siðferðilegs eðlis og miðar að því að manneskjur sýni öðrum lífverum á jörðinni meiri virðingu, umhyggju og kærleika. Ástæðan er sú að aðrar lífverur á jörðinni eru hluthafar í sömu lífkeðju og menn, eins og Darwin bendir á. Manneskjur eiga því ekkert með að „drottna“ yfir skepnum og öðrum lífverum heldur ber þeim að vera í samhljómi og samvinnu við þær. Þetta atriði hjá Darwin tengir Johnson svo við gagnrýni Lynns White á kristna mannmiðlægni. White tók sköpunarfrásagnir Fyrstu Mósebókar sem dæmi um drottunarhyggju mannsins yfir öllu öðru lífi á jörðinni. Johnson er sammála honum um hættu drottunarhyggju. Arfleifð upplýsingarinnar, þ.e. drottunar- og yfirráðahugsunin í garð náttúrunnar, er ótæk. Hún fordæmir allar útgáfur slíkra hugmynda varðandi tengsl manns og náttúru og undirstrikar þess í stað hinn djúpstæða skyldleika mannsins við aðrar lífverur líkt og Darwin gerir að meginmáli í sinni kenningu. Slík skyldleikahugsun vegur vissulega að sögulegri hefð kristinnar en það er nauðsynlegt. Í anda kenningar Darwins má berjast fyrir hnattrænu lífssamfélagi allra lífvera og þar geta guðfræðingar lagt gjörva hönd á plóg. Vissulega er við ramman reip að draga þar sem hefð mótmælenda og kaþólskra hefur verið gegnsýrð af tortryggni gagnvart hinni föllnu náttúru, sem svo er nefnd, og vísar bæði til manns og heims. Tortryggni í garð heimsins í bland við áherslu á syndugt mannlegt eðli er verðugt viðfangsefni guðfræðinga á tímum hnattrænna umhverfisvandamála og engir geta ráðið betur við það en einmitt þeir!³¹

Annað atriði sem gerir Darwin og guðfræðinga að samherjum, að mati Johnson, er að báðir aðilar benda á *samfélagið* sem undirstöðu lífsins. Í kenningu Darwins er þetta kjarna-atriði. Ekkert líf getur þróast eitt og óstutt heldur þarf það samfélag til að vaxa og þroskast. Vistkerfi náttúrunnar eru samfélög þar sem allar lífverur hafa sínu hlutverki að gegna í flókinni keðju. Svipað má segja um kirkjuna, heldur Johnson fram, hún byggist á samfélagi en það sem hún þarf að læra að gera mun betur en hingað til er að innlima fleiri í samfélag

³⁰ Sama rit, bls. 100–121; Elizabeth A. Johnson, „Losing and Finding Creation in the Christian Tradition“, bls. 13–15.

³¹ Elizabeth A. Johnson, „Losing and Finding Creation in the Christian Tradition“, bls. 17–18; Elizabeth A. Johnson, *Ask the Beasts*, bls. 125–128.

sitt, ekki aðeins mannverur heldur aðrar lífverur líka.³² Guðfræði sköpunarverksins, hvort sem er í Biblíunni eða í meðförum fornaldarguðfræðinga og miðaldarguðfræðinga, fjallar um þetta atriði. Allt hið skapaða er samtengt og á sér sama uppruna, sem er efnislega sami boðskapur og Johnson finnur í kenningu Darwins. Viðbót guðfræðinnar er sú, að hennar mati, að allt líf er þegið úr hendi Guðs sem er kærleikur og lífgjafi. Guðfræðileg umhverfissiðfræði undir áhrifum kenningar Darwins tjáir skýrt, að mati Johnson, að mönnum beri að vera auðmjúkir samverkamenn dýranna og reyndar lífsins alls í sínum margbreytilegu formum. Öll erum við staðsett innan sama lífkerfis á jörðinni og miðja þess og sjóndeildarhringur er algerlega markaður af Guði, gjafara lífsins.³³

Eins og áður hefur komið fram er eitt meginatriði boðskapar Johnson að guðfræðingum nú um stundir beri að leitast við að endurheimta gleymda fjársjóði í kristinni guðfræði Vesturlanda sem allir varða hinn náttúrulega heim og skapara hans. Í því sambandi hefur hún dregið fram urmul dæma um fornan, jákvæðan skilning á náttúrunni. Enn er þó eitt spil eftir uppi í erminni. Það er hin forna trúarjátning kristinna manna sem kennd er við Níkeu frá árinu 325.³⁴ Mikilvægi þessarar trúarjátningar fram yfir t.d. postullegu trúarjátninguna og Aþaníusarjátninguna telur Johnson að komi fram í þeim náttúruskilningi sem hún tjáir. Níkeujátningin tjái skýrast það sem tapast hefur á langri vegferð kristni á Vesturlöndum og m.a. leitt til þess ógnvænlega ástands sem við búum við nú um stundir. Í henni megi finna hvað skýrast hið góða samband manns og hins náttúrulega heims sem Guð hefur skapað. Þriðja persóna guðdómsins, heilagur andi, er lykillinn í þessari túlkun. Níkeujátningin talar um heilagan anda sem lífgjafann og þann sem hreyfir við sköpuninni (lat. *vivificantem*). Hér fléttast tal um náttúruna og Guð saman í umfjöllun Johnson og rétt er að minna á *bagnýta samvinnulíkanið* sem áður var um rætt en tali hennar um guðsmynd Níkeujátningarinnar er ekki ætlað að ganga gegn náttúruvísindalegri þekkingu. Fremur má líta á það sem framlag Johnson til jafningjasamtals guðfræði og nútímanáttúruvísinda í ljósi vistræns vanda og náttúruógnar samtímans. Í Níkeujátningunni segir Johnson að sköpunarverkið sé nefnt á nafn oftár en í nokkurri annarri kristinni játningu. Guð er sagður skapari himins og jarðar, alls hins sýnilega og ósýnilega. Jesús Kristur er sá sem allt er skapað fyrir og að lokum er heilagur andi sagður vera sjálfur lífgjafinn, sá sem hreyfir við öllu sem er skapað. Sá þrenningarleyndardómur sem Níkeujátningin tjáir sé allt annað en sú hugmynd bókstafstrúarfólks á öllum tímum að Guð hafi skapað jörðina á sjö dögum. Í Níkeujátningunni sé Guð hið sama og lífgjafi, heilagur andi, sá sem glæðir allt lífi, ekki bara í upphafi heldur alltaf, áfram og eilíflega. Guð sé heldur ekki hönnuður sem löngu sé farinn í frí heldur ætíð og eilíflega að störfum við að glæða sköpunina lífi og að hreyfa við öllu sem lifir, í merkingunni að gefa lífinu mikilvægi. Hér er þá komið svar Johnson til Lynns White með fulltingi kenningar Darwins: Allt líf er merkilegt, mikilvægt og samtengt. Þessi boðskapur er jafnframt framlag guðfræðinnar inn í þverfræðilegt samtal vísindanna um náttúruvá heimsins í dag. Guð, lífgjafinn, sem sendi son sinn Jesú Krist sem sitt orð inn í heiminn til að glæða hann lífi og merkingu kærleikans, vill standa vörð um lífið í öllum þess margbreytilegu formum. Guð, skapari lífsins, er frelsandi, lækandi og umfaðmandi kærleikur. Holdtekjan er sterkasti vitnisburður þess að Guð elskar lífið og þjáist þegar hinu sanna lífi kærleikans er tortímt og eytt.

³² Sama rit, bls. 260–262.

³³ Sama rit, bls. 143–145.

³⁴ Sama rit, bls. 128–130.

Helstu ályktanir og niðurstöður

Umhverfisguðfræði Elizabeth A. Johnson við upphaf 21. aldar er síðbúið andsvar við kenningu Lynns White Jr. en Johnson tengir hana samtímaveruleika hnattrænnar hlýnunar og annarra yfirstandandi umhverfisógna. Johnson tekur undir með White að miklu leyti en bendir jafnframt á að guðfræðisagan sýni töluvert ólíka mynd en þá sem hann dregur upp. Að hennar mati hefur trúararfur kristni að geyma fjársjóði á sviði náttúrugúðfræði sem hafa gleymst og týnst eftir upplýsinguna. Fram að upplýsingu voru allir leiðandi guðfræðingar vel að sér í guðfræði sköpunarverksins og þekktu rætur hennar jafnt í ritum kirkjuféðranna sem ritgerðum miðaldaguðfræðinga. Svar Johnson við spurningu Whites frá árinu 1967: *Hvað eigum við að gera?* felst í að hún boðar gagngera endurskoðun á trúarlegri nútímahugsun og siðfræðilegri nálgun vegna þeirrar stöðu sem nú er uppi í umhverfismálum. Segja má að hún geri ekki athugasemdir við forsendur kenningar Whites er varða samband gilda og menningar sem vikið var að í upphafi greinarinnar og tengd við túlkun Max Webers. Trúarleg gildi og hugmyndir virðist henni að hafi áhrif í menningunni og þar með á gang sögunnar. Þetta má ráða af áherslu hennar á að breyta þurfi hugmyndum vestrænna manna um sköpunarverkið, ekki síst meðal hugsuða á sviði guðfræði. Þá er hagnýting guðfræðinnar henni hugleikin þar sem hún boðar að raunveruleiki og hagur hins náttúrulega heims verði ætíð að vera kjarnaatriði guðfræðinnar. Líta þurfi á sköpunarverkið sem raunverulegan féлага í guðfræðilegri túlkun og jafnframt sem stöðugt siðfræðilegt umfjöllunarefni. Guðfræðin á að sækja þekkingu til nútímanáttúrufræði og vistfræði og sú þekking byggist ekki síst á þeim hluta kenninga Darwins sem tjá hvernig allt líf er samtengt og hvað öðru háð. Maðurinn er ekki einangruð lífvera, kóróna sköpunarverksins, heldur hlekkur í flóknu samhengi sem tengir menn, dýr og plöntur. Velferð mannsins og frelsun frá synd og sekt verður því að setja í mun víðara samhengi en lengstum hefur verið gert innan guðfræðinnar. Gegn mannmiðlægri kristinni guðfræði, sem varð til eftir upplýsinguna, boðar Johnson það sem kalla má lífhyggjuguðfræði og siðfræði. Lífhyggjan leggur áherslu á að náttúran og lífandi verur aðrar en maðurinn hafi sjálfstætt gildi. Siðferðileg afleiðing þessarar skoðunar er sú að efla þurfi velferð lífríkisins eða vistkerfisins í heild, ekki aðeins mannsins. Þessa skoðun, að allt lífríkið hafi sjálfstætt gildi, rökstyður hún, eins og áður er fram komið, með fulltingi kristinnar sköpunartrúar og túlkunar, með áherslu á framsetningu hennar í Níkeu-játningunni sem endurspegladist í guðfræðilegum túlkunum í fornöld og á miðöldum. Ekki aðeins menn hafa þegið lífið úr hendi Guðs heldur allt það sem lifir. Líkingunni af Guði sem hönnuði sköpunarverksins, sem var allsráðandi á tímum Darwins, hafnar hún en heldur þess í stað fram líkingunni af lífgjafanum og kærleikanum sem stöðugt glæðir alla sköpunina lífi. Í þessari túlkun felast jafnframt þau skilaboð að allir þurfa að gangast vistfræðilegri heildarhugsun á hönd ef mannkyn ætlar að koma í veg fyrir þá náttúruógn sem er uppi í heiminum nú um stundir. Á máli kristinnar umhverfisguðfræði þýðir þetta að allt sköpunarverkið er heilög sköpun Guðs og mönnum ber að standa auðmjúkan vörð um það.